



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



FRÖNISK VEISLA

21. SEPTEMBER 2017

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd:

Lærisveinn galdrameistarans: 11'

Valses nobles et sentimentales: 16'

Konsert fyrir tvö píanó: 20'

Pavane fyrir látna prinsessu: 6'

Þættir úr Gaîté Parisienne: 16'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



TÓNLEIKAR Í ELDBORG

FRÖNSK
VEISLA

Yan Pascal Tortelier
hljómsveitarstjóri

Arthur Jussen
einleikari

Lucas Jussen
einleikari

EFNISSKRÁ

Paul Dukas
Lærisveinn galdrameistarans (1897)

Maurice Ravel
Valses nobles et sentimentales (1911/1912)

HLÉ

Francis Poulenc
Konsert fyrir tvö píanó í d-moll (1932)
Allegro ma non troppo
Larghetto
Finale (Allegro molto)

Maurice Ravel
Pavane fyrir látna prinsessu (1899/1910)

Jacques Offenbach/Manuel Rosenthal
Þættir úr Gaité Parisienne (1938)
Overture
Polka
Ländler
Barcarole
Allegro
Can-Can
Allegro
Can-Can
Vivo

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



YAN PASCAL TORTELIER

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Yan Pascal Tortelier hefur nú hafið annað ár sitt sem aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en hann er tíundi stjórnandinn sem gegnir þeirri stöðu. Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistarfjölskyldu og faðir hans, Paul Tortelier, var einn mesti sellóleikari Frakklands á 20. öld. Yan Pascal hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfræði og kontrapunkti hjá Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Tónlistarháskólann í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarstjórnandi Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Tortelier var aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmóníunnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgeststjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar. Þar má meðal annars nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam, Tékknesku fílharmóníuna, Filharmonien í Ósló, Filarmonica della Scala í Mílanó, Philadelphia Orchestra, Fílharmóníuhljómsveitirnar í Lundúnum, Sankti Pétursborg og Los Angeles og sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og Montreal.

Tortelier hefur um langt árabíll starfað fyrir Chandos-útgáfuna og hljóðritað fjöldamörg verk, einkum með Ulster-hljómsveitinni og BBC-fílharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsetning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Yan Pascal Tortelier stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrst á Listahátíð í Reykjavík sumarið 1998 í verkum eftir Ravel, Hindemith, Fauré og Berg. Hann sneri aftur í Eldborg haustið 2012 þar sem hann stjórnaði Sinfóníu í d-moll eftir César Franck og Martin Fröst lék einleik í Peacock Tales eftir Anders Hillborg. Í apríl síðastliðnum fylgdi Tortelier Sinfóníuhljómsveitinni í tónleikaferð til Gautabogar, þar stjórnaði hann hljómsveitinni í hinu víðfræga tónlistarhúsi borgarinnar og hlaut tónlistarfólkið einróma lof tónleikagesta og gagnrýnenda fyrir flutning sinn.



[@JussenOfficial](#)

ARTHUR JUSSEN LUCAS JUSSEN

EINLEIKARAR

Bræðurnir Lucas og Arthur Jussen hófu píanónám í heimabæ sínum, Hilversum í Hollandi og vöktu snemma athygli fyrir tónlistargáfur sínar. Árið 2005 tók hinn heimsfrægi píanisti Maria João Pires þá undir verndarvæng sinn og árið 2011 hlutu bræðurnir hin virtu Concertgebouw-verðlaun handa ungu hæfileikafólki í tónlist. Tveimur árum síðar fengu þeir áheyrendaverðlaunin á listahátíðinni í Mecklenburg-Vorpommern.

Þeir hafa leikið með nærri öllum sinfóníuhljómsveitum Hollands, sem og leiðandi hljómsveitum víða um heim, svo sem Sinfóníuhljómsveitinni í Dallas, Fílharmóníusveitinni í Hong Kong, Kammersveitinni í London og Sinfóníuhljómsveitinni í Shanghai. Meðal hljómsveitarstjóra sem þeir hafa starfað með má nefna Jaap van Zweden, Claus Peter Flor, James Gaffigan, Sir Neville Marriner og Franz Brüggen. Bræðurnir hafa átt samstarf við ýmsa þekktu tónlistarmenn, þar á meðal kínverska píanóleikarann Lang Lang. Í október 2013 frumfluttu þeir verkið *Together*, fyrir tvö píanó, sem tónskáldið Theo Loenvendie samdi sérstaklega fyrir þá.

Lucas og Arthur Jussen hafa leikið nokkrum sinnum fyrir Beatrix fyrrum drottningu Hollands og voru í fylgdarliði Willem-Alexanders Hollandskonungs í opinberri heimsókn til Póllands árið 2014. Frá árinu 2010 hefur hið virta útgáfuforlag Deutsche Grammophon gefið út hljóðritanir þeirra. Út eru komnir geisladiskar þar sem þeir spila tónlist eftir Schubert, Mozart og Beethoven og tveir geisladiskar bræðranna eru helgaðir franskri píanótónlist, á öðrum má heyra þá leika píanókonsert Poulencs í d-moll fyrir tvö píanó.

Lucas og Arthur Jussen hafa komið einu sinni áður til Íslands, þá héldu þeir tónleika í Heimspíanistaröð Hörpu haustið 2011.



PAUL DUKAS

LÆRISVEINN GALDRAMEISTARANS

Óræð ólga liggur í loftinu í upphafi tónaljóðsins *Lærisveinn galdrameistarans* eftir Paul Dukas (1865-1935), iðandi tónar í strengjum boða að ekki sé allt með felldu og blásarar ýta undir dulúðina. Svo fer allt í gang, ógnvekjandi spennan færir sig aukana í vélrænum takti, sífellt hraðari, þar til höstugir lokatónarnir kveða við.

Tónaljóðið, sem Dukas kallaði reyndar scherzo eða glettun, var frumflutt í maí 1897 og tónskáldið varð frægt á einni nóttu. *Lærisveinn galdrameistarans* er eitt vinsælasta hljómsveitarverk sem samið hefur verið - stutt, snaggaralegt og þétttriðið ótal litbrigðum. Dukas vinnur í tónsmíðinni með söguþráðinn í hundrað árum eldri ballöðu með sama nafni eftir þýska rithöfundinn Johann Wolfgang von Goethe. Þar segir frá því þegar galdrameistari nokkur bregður sér frá og skilur lærisvein sinn eftir til að sinna húsverkum, svo sem að sækja vatn. Sveininum þykir þetta þreytandi iðja og bregður á það ráð að nota galdur meistara síns til að létta sér störfin, hann setur kústin í vatnsburðinn. Tök lærisveinsins á listinni eru ekki meiri en svo að allt fer úr böndunum, kústurinn sækir fötu eftir fötu af vatni, sveinninn reynir að höggva kústin í tvennt en þá bregður svo við að kústurinn margfaldast, fullkomin ringulreið ríkir og vatnið flæðir um allt... þar til galdrameistarinn snýr aftur og léttir álögnum, með þeim orðum að einungis hann megi kalla til hina duldu krafta.

Lærisveinn galdrameistarans er þekktasta tónsmíð Dukas, sem var alla tíð gagnrýnn á eigin verk og átti jafnvel til að eyðileggja þau. Síðustu árin starfaði hann sem kennari í tónsmíðum, meðal nemenda hans voru tónskáldin Messiaen, Duruflé, Rodrigo og Ponce.

Árið 1940, fimm árum eftir lát Dukas, varð tónlist hans við kvæðið um lærisvein galdrameistarans hluti af Disneymyndinni *Fantasíu*, en þar er Mikki mús í hlutverki lærisveinsins ólánsama, sem beitti göldrum sem hann réði ekki við.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti *Lærisvein galdrameistarans* í fyrsta sinn á tónleikum í janúar 1954, undir stjórn Róberts Abrahams Ottóssonar. Um tónleikana skrifaði Vikar í Morgunblaðið 16. janúar: „Lærisveinn galdrameistarans eftir Dukas er skemmtileg prógrammúsik og tókst flutningur þess með afbrigðum vel, næstum ótrúlega vel, er tillit er tekið til þess að nokkur sæti í sveitinni eru tæplega nægilega vel skipuð fyrir svona galdrakunst og hálfgerðan djöfladans.“



MAURICE RAVEL

VALSES NOBLES ET SENTIMENTALES

Dansinn, einkum valsinn, var Maurice Ravel (1875-1937) hugleikið tónlistarform, eins og heyra má í mörgum tónsmíða hans. Nær sá áhugi og jafnvel ástríða allt að því tortímandi hámarki í sjálfum *La Valse* frá árinu 1920. Níu árum fyrr samdi hann valsasyrpu fyrir píanó og kallaði *Valses nobles et sentimentales*. Þar vísaði hann markvisst í tvær valsasyrpur Schuberts með svipuðum titlum, frá 1823 og 1826, þar sem önnur syrpan var tigin og hin tilfinningarík. Þótt Ravel notist við sama form, er tónmál hans gjörólíkt og hann gefur engar vísbendingar um hvaða valsar eru tignir og hverjir tilfinningaríkir. Ómstríðir óuppleystir hljómar og djarfar tóntegundabreytingar ráða ríkjum og þótti tónskáldið tefla á tæpasta vað í þessari tónsmíð.

Valsarsyrpan var upphaflega píanóverk, frumflutt á tónleikum árið 1911 þar sem tónskálda var ekki getið í efnisskrá, en áheyrendum látið eftir að giska á hver ætti hvaða verk. Brugðið var á það ráð til að koma í veg fyrir sleggjudóma gagnrýnenda, sem áttu það til að mæta með fyrirfram ákveðnar skoðanir á þekktum tónskáldum. Þegar valsar Ravel hljómuðu varð einhverjum á orði að píanóleikarinn hlyti að vera að spila vitlausar nótur og nokkuð var þúað og baulað. Að leik loknum hófust ágiskanirnar: Satie, Kodály, Koechlin, d'Indy... sagt er að einungis fáir tónleikagestir hafi áttað sig á hver væri höfundurinn, þeirra á meðal var Debussy.

Þrátt fyrir dræmar viðtökur í upphafi hefur valsasyrpa Ravel lifað góðu lífi í tónleikasölum og jafnvel danssölum heimsins. Ári eftir frumflutning píanóverksins útsetti tónskáldið valsana fyrir hljómsveit og ballett var saminn við tónlistina, *Adélaïde, ou le langage des fleurs*, þar sem söguþráðurinn minnir um margt á Kamelíufrúna eftir Dumas, sem er uppistaða óperunnar *La traviata* eftir Verdi. Ballettinn er sjaldan á fjölnum nú á dögum, en valsar Ravel í hljómsveitarbúningi hljóma oft, þeir þykja bera höfundi sínum fagurt vitni og sýna glögg einkenni hans sem tónskálds.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Valses nobles et sentimentales hefur aðeins einu sinni hljómað á tónleikum Sinfóníu-hljómsveitar Íslands, undir stjórn Alexanders Vedernikov árið 2003. Píanógerð verksins hefur heyrt af og til á tónleikum hér á landi, m.a. í flutningi Barrys Snyder í Salnum í Kópavogi 2004.



FRANCIS POULENC

KONSERT FYRIR TVÖ PÍANÓ Í D-MOLL

Francis Poulenc (1899-1963) samdi konsert sinn fyrir tvö píanó að beiðni bandaríksks auðkýfings, Winnarettu Singer, sem öðlaðist prinsessunafnbót þegar hún giftist frönskum prins, Edmond de Polignac. Þau hjónin studdu með margvíslegum hætti við framgang lista og vísinda í Frakklandi, en Winnarettu var af Singer-ættinni sem efnast hafði á sölu saumavéla með sama nafni. Í rúmgóðum heimkynnum þeirra í París voru fjölmörg framúrstefnuleg tónverk frumflutt á fyrri hluta 20. aldar, samin að þeirra ósk. Konsert Poulencs fyrir tvö píanó og hljómsveit var þó umfangsmeiri en svo að hann mætti flytja í heimahúsum, þó hátt væri þar til lofts og vítt til veggja. Verkið var frumflutt í tónleikasal í Fenejnum í september 1932, við flyglana sátu Poulenc sjálfur og æskuvinur hans Jacques Février.

Konsertinn byrjar með látum, píanóin taka á þeysisprett í hröðum staðföstum takti, nánast eins og þau hvetji hvert annað áfram gegnum strófur, laglínur og hljómahreyfingar. Poulenc var sannkallaður meistari þegar kom að lagasmíðum og þar er konsertinn engin undantekning, nýtt stef skýtur upp kollinum í hverri beygju. Oftar en ekki hljóma þau kunnuglega, stefin sem píanóin þjóta í gegnum, enda vitnar Poulenc óspart í önnur tónskáld sem hann hafði dálæti á. Margir sögðust greina áhrif Mozarts í konsertinum, einkum í draumkenndri hljómfegurð hæga kaflans. Poulenc gekkst fúslega við því, sagðist m.a.s. hafa verið með nótur að píanókonsertum Mozarts á flyglinum þegar hann samdi verkið. En hann lét sér ekki nægja að vitna í klassíska tónlist, í konsertinum bregður fyrir nýklassík í anda Stravinskíjs, þarna eru áhrif chansonsönglaga, kabarettónlistar, djasstónlistar og sindrandi indónesískrar gamelan-tónlistar, en Poulenc líkt og svo margir aðrir samtímamenn hans í hópi tónlistarmanna hreifst af framandlegum hljóðheimi slíkrar tónlistar, sem heyra mátti á heimssýningunni í París 1931.

Píanóleikararnir tveir spila nær óslitið gegnum allan konsertinn, málmbásarar, tréblásarar og slagverk mynda umgjörðina, strengir eru notaðir í lágmarki og stundum hljómar einungis samtal flyglanna. Ólgandi lífsfjör einkennir þetta verk sem strax hlaut góðar viðtökur.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Píanókonsert Poulencs fyrir 2 píanó í d-moll var fyrst fluttur á Íslandi árið 1972, þá léku Gísli Magnússon og Rögnvaldur Sigurjónsson með Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjórnandi var Jean-Pierre Jacquillat og voru það fyrstu tónleikarnir sem hann stjórnaði, en Jacquillat var aðalstjórnandi hljómsveitarinnar 1980-1986. Anna Guðný Guðmundsdóttir og Helga Bryndís Magnúsdóttir léku konsertinn undir stjórn Zuohuang Chen árið 1999 og 2008 spiluðu þeir Roland Pönttinen og Love Derwinger konsertinn með hljómsveitinni, James Gaffigan stjórnaði þá.



MAURICE RAVEL

PAVANE FYRIR LÁTNA PRINSESSU

P*avane pour une infante défunte* er franskur titill þessa þekktu tónverks eftir Maurice Ravel (1875-1937). Titillinn hefur orðið mörgum umhugsunarefni: hver var látna prinsessan? Hvers er verið að minnst? Tónskáldið sjálft var tregt til svars, í sumum tilvikum sagðist hann einfaldlega hafa hrifist af hljómi orðanna. Við önnur tækifæri samsinnti hann því að hann væri að vekja upp hughrif fortíðar, en pavana er tígulegur hægferðugur dans frá Padova á Ítalíu sem vinsæll var við evrópskar hirðir á 16. og 17. öld. Infanta er spænskt orð yfir unga prinsessu, sem leiðir hugann að málverki spænska hirðmálarans Velázquez, *Las meninas*, frá 1656, þar sem í forgrunni er bjartleitt lítil prinsessa í ljósum bosmamiklum kjól, umkringd hirðmeyjum sínum og ráðgjöfum. Við þessa tónlist gæti prinsessan litla hafa dansað, eða sökkt sér ofaní dagdrauma. Ólíkt því sem finna má í mörgum verka Ravel er hér fremur hefðbundinn hljómagangur, lágstemmd tjáning, einföld og stillileg laglína í þokkafullum búningi.

Ravel leitaði fanga í spænski tónlist, líkt og fleiri samtímamenn hans og landar í flokki tónskálda, hann samdi t.a.m. *Spænska rapsódíu* og *Bolero*, undir sterkum spænskum áhrifum. Tengsl Ravel við Spán voru meiri en margra, basknesk móðir hans var alin upp í Madrid og spænsk menning í hávegum höfð á bernskuheimili hans sjálfs í Frakklandi.

Upphaflega var pavane Ravel píanóverk, samið árið 1899, meðan hann stundaði enn tónsmíðanám hjá Gabriel Fauré. Verkið tileinkaði tónskáldið velgjörðarkonu sinni, prinsessunni af Pognac, sem áður var minnst á í þessari tónleikaskrá, en hann mun hafa flutt verkið á stofutónleikum heima hjá henni oft en einu sinni. Ravel bjó verkið í hljómsveitarbúning árið 1910 og hafa báðar gerðir þessa litla meistaraverks notið mikillar hylli.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur margsinnis flutt hið undurfagra pavane fyrir látna prinsessu eftir Ravel, síðast á Barnastund í Hörpu 20. október 2012, undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar.



JACQUES OFFENBACH

ÞÆTTIR ÚR GAÎTE PARISIENNE

Tónskáldið Jacques Offenbach (1819-1880) var kallaður „Mozart búlevarðanna“ á valdatíma Napóleons III í Frakklandi. Hann átti einstaklega auðvelt með að semja grípandi laglínur og af lýsingum að dæma átti hann það sameiginlegt með Mozart að vera allnokkur æringi og ekki tekið hlutina - eða sjálfan sig - allt of hátiðlega. Offenbach fæddist í samnefndum bæ í Þýskalandi, hann sýndi snemma mikla tónlistarhæfileika og var sendur til Parísar í tónlistarnám. Hann hélt þó lítið við í ströngu akademísku námi en spilagleðina vantaði sannarlega ekki, sellóíð var hans hljóðfæri og hann spilaði með óperuhljómsveitum í borginni. Fljótlega tók hann að stjórna hljómsveitum og 1855 opnaði hann sitt eigið óperuhús sem kallaðist Bouffes-Parisiens.

Nokkrum árum fyrir hafði franska heitið *opérette* komið fram á sjónarsviðið, það merkti einfaldlega lítil ópera og var eins konar andsvar við þungum viðamiklum óperusýningum sem tíðkast höfðu um hríð. Í óperettunni var glens og gaman, tal og tónlist skiptust á, þar var gert grín að ríkjandi ráðamönnum og stofnunum samfélagsins, svo sem aðli, kirkju og her, gamlar goðsagnir voru teygðar og togaðar og söguþráðurinn var stundum á velsæmismörkum, sem og sviðshreyfingar söngvara og dansara. Offenbach var sannkallaður faðir óperettunnar, en hann mun hafa samið 100 verk í þeim anda og er sagður hafa rutt brautina fyrir söngleiki síðari tíma. Síðasta verk hans hafði þó alvarlegri undirtón, óperan *Ævintýri Hoffmanns*, en Offenbach lést meðan á samningu verksins stóð og annað tónskáld var fengið til að ljúka því.

Gaîté Parisienne eða Parísargleði er ballettónlist, samsafn þátta úr ýmsum tónsmíðum Offenbachs, sem franskur hljómsveitarstjórinn Manuel Rosenthal (1904-2003) valdi og útsetti fyrir hljómsveit árið 1938. Ballettinn var frumsýndur í Monte Carlo af Rússneska ballettflokkinum í Monte Carlo, dansahöfundur var Léonide Massine. Í ballettinum er dregin upp mynd af næturlífi Parísarborgar í lok 19. aldar, á kaffihús kemur fólk af mismunandi sauðahúsi, góðborgarar, dansmeyjar, blómasölustúlka og barón, hermenn og spjátrungar, að ógleymdu þjónustufólkinu, sem byrjar að ganga frá þegar gestir hverfa út í nóttina eftir dufl og dans.

Sigríður St. Stephensen

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur ekki áður flutt verkið *Gaîté Parisienne*, í kvöld flytur hún þætti úr verkinu sem hljómsveitarstjórinn Yan Pascal Tortelier hefur valið. Hljómsveitin hefur áður flutt tónlist eftir Offenbach, það sem hefur trúlega hljómað hvað oftast er hinn frægi *Can-Can* dans úr óperunni *Orfeus í undirheimum*, sem hljómar einnig í kvöld.

2017 / 2018

REGNBOGAKORT 20-50% AFSLÁTTUR

Með Regnbogakorti getur þú valið þá tónleika sem höfða helst til þín af öllum tónleikum starfsársins og tryggt þér gott sæti með 20% afslætti. Hægt er að kaupa Regnbogakort með fernum tónleikum eða fleiri, eftir því sem best hentar.

25 ára og yngri fá Regnbogakort með 50% afslætti á verðsvæðum 2 og 3. Tryggðu þér öruggt sæti á besta verðinu.



TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT **SINFONIA.IS**



03-12^{OKT}

LOS ANGELES REYKJAVÍK

Á vordögum 2017 hélt Fílharmóníuhljómsveitin í Los Angeles umfangsmikla hátíð þar sem íslensk tónlist og íslenskir flytjendur voru í forgrunni. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar ásamt hljómsveitarstjóranum Esa-Pekka Salonen var Daníel Bjarnason, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sinfóníuhljómsveit Íslands lætur ekki sitt eftir liggja heldur blæs til tveggja vikna hátíðar þar sem tónlist frá Los Angeles skipar veglegan sess. Tónleikapassi með öllum tónleikum hátíðarinnar veitir þér besta verðið frá 10.240 krónum.

FM 05^{OKT} 19:30

LA/REYKJAVÍK



John Adams er eitt helsta tónskáld Bandaríkjanna og nýr fiðlukonsert hans hefur vakið mikla hrifningu. Verkið, sem er samið sérstaklega fyrir Leilu Josefowicz, er byggt á Þúsund og einni nótt. New York Times skrifaði um frumflutninginn að leikur Josefowicz hafi verið „glæsilegur og innblásinn“ og hljóðritun hennar af verkinu var tilnefnd til Grammy-verðlauna 2016. Á tónleikunum hljómar einnig Sálmasinfónía Stravinskíjs sem margir telja eitt helsta verk 20. aldar fyrir kór og hljómsveit. Tær og bjartur tónn Hamrahliðarkóranna hentar verkinu fullkomlega enda verkið samið fyrir ungar raddir. Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason.

PRÍ 03 ^{OKT} 19:30



KAMMERTÓNLEIKAR

LEILA JOSEFOWICZ

Leila Josefowicz hefur um áratuga skeið verið í fremstu röð fiðluleikara í Norður-Ameríku. Hún hefur átt farsælt samstarf við tónskáldið John Adams. Tónverk hans Road Movies er fjöruugt verk sem á að minna á ökuferð gegnum landslag sem breytist hægt – en breytist þó. Dökk og tilfinningaþrungin fiðlusónata Prokofievs er meðal helstu meistaraverka hans, samin í Sovétríkjunum á árum heimsstyrjaldarinnar síðari.

SUN 08 ^{OKT} 17:00



KAMMERTÓNLEIKAR

CALDER STRENGJAKVARTETTINN

Calder-kvartettinn frá Los Angeles er einn fremsti strengjakvartett Bandaríkjanna og hlaut hin virtu Avery Fisher-verðlaun árið 2014. Á efnisskránni verður tónlist eftir tvo höfunda sem búsettir eru í Los Angeles, hljóm sveitarstjórnann heimsfræga Esa-Pekka Salonen og bandaríska tónskáldið Andrew Norman sem vakið hefur mikla athygli undanfarin ár. Einnig hljómar nýlegt verk sem Daníel Bjarnason samdi fyrir Calder-kvartettinn og Dauðinn og stúlkan eftir Schubert. Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Kammermúsíkkúbbinn.

FIM 12 ^{OKT} 19:30



HOLLYWOOD/REYKJAVÍK

Á þessum tónleikum verður gægst í gullkistu kvikmynda-tónlistar frá Hollywood. Þar er af nógu að taka: Ben-Húr, Brúin yfir ána Kwai, Gone with the Wind og Breakfast at Tiffanys, auk þess sem leikin verða stef úr myndunum Súperman og Stjörnustríð eftir hinn sívinsæla John Williams. Hljóm sveitarstjórinn Richard Kaufman hefur áratuga reynslu af störfum í Hollywood þar sem hann stjórnar tónlist fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti auk þess að koma fram með leiðandi hljóm sveitum Bandaríkjanna.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

21. SEPTEMBER 2017

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Lin Wei
Laufey Sigurðardóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pascal La Rosa

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Greta Salóme Stefánsdóttir
Pétur Björnsson
Kristján Matthíasson
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Þórdís Stross
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Christian Diethard
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Vigdís Másdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Martin Danek
Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Baldvín Tryggvason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Baldvín Oddsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

PIANÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Kjartan Guðnason
Pétur Grétarsson
Einar Valur Scheving

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*





Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Feðgarnir Martial Nardeau og Matthías Nardeau vinna vinnuna sína með lungum og munni.

Matthías: Annars er ég mjög feginn að það hlýnaði í vikunni. Blöðin eru svo viðkvæm fyrir frostinu.

Martial: Einmitt, það eru alltaf sömu vandræðin með ykkur óbóleikara og þessi blöð. **Matthías:** En hvað með pikkólóflautuna, er hún ekkert að springa?

Það er talsvert mikið loft í meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og sumir þeirra vinna hreinlega við að dæla því út í heiminn í gegnum rör, pípur og ventla. Hljóðfæri þeirra feðga, Martials og Matthíasar Nardeau, tilheyra bæði tréblástursdeild hljómsveitarinnar, þó að annað þeirra, þverflautan, sé reyndar yfirleitt úr málm.

Óbóid er viðkvæmt hljóðfæri sem gerir miklar kröfur til óbóleikara sem yfirleitt eru í stanslausum vandræðum með svokölluð „blöð“ sem þeir blása í gegnum. Flautan á sér hins vegar langa hefð og hefur fylgt manninum um árbúsundir í ýmsum formum.

Martial Nardeau settist að með fjölskyldu sinni á Íslandi árið 1982, sama ár og Matthías fæddist suður í Frakklandi. Martial hefur lagt mikið til tónlistarlífsins hér á landi og ferðast víða til tónleikahalds. Matthías Nardeau er meðal unga fólksins í hljómsveitinni sem fer létt með að taka að sér viðkvæmar sólóströfur á mikilvægum augnablikum.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is